

## Hliðin sem Hæstiréttur sniðgekk

Gunnar Hrafn Birgisson

Þessi frásögn er byggð á málgögnum úr hæstaréttarmáli nr. 603/2013. Hún lýsir mikilvægum málsatvikum sem Héraðsdómur Vesturlands og Hæstiréttur Íslands hvorki fjölluðu um né tóku á. Hér er því haldið fram að dómstólarnir hafi verið hlutdrægir, tekið einhliða á málinu og sleppt mjög mikilvægum atriðum. Hafðar voru uppi blekkingar um greiningu á heilabilun af Alzheimer gerð hjá eldri konu. Sýslumaður fékk ekki að vita af greiningunni og skipaði Alzheimersjúklingnum ráðsmann þegar hann átti lögum samkvæmt að skipa honum fjárhaldsmann. Ráðsmaðurinn hafði staðið fyrir því að konan fengi sjúkdómsgreininguna en leyndi greiningunni fyrir sýslumanni. Konunni voru færðir fjórir löggerningar til undirritunar sem loks gerðu hana nær eignalaus. Eignirnar færðust allar yfir til ráðsmannsins, sem þó bar að gæta hagsmuna hennar. Í stefnu er sýnt fram á að vottanir á undirritunum sjúklingsins stóðust ekki ófrávíkjanleg skilyrði laga. Öll rök um það í stefnu standa lögfræðilega óhrakin, studd sönnunargögnum í málinu. Ósannindi í greinargerðum upplýstust og rangir vitnisburðir fyrir rétti voru afhjúpaðir.

Málið varðar konuna K, sem átti stórbýli og ákvað með erfðaskrá að stjúpustir hennar skyldi erfa hana. Í kjölfar andláts systurinnar 2006, ákvað K, sem þá var nýlega orðin sjötug, að tvær dætur systurinnar skyldu koma í stað móður sinnar og breytti K erfðaskrá sinni því til samræmis í maí 2006. Systurnar, G og H, skyldu þannig erfa gömlu konuna að jöfnu, enda var samband K og systranna nær því sem væru þær dætur hennar, og hafði hún gætt þess alla tíð að gera ekki upp á milli þeirra. Er óumdeilt að K hafi þá verið við góða andlega heilsu. Um mitt ár 2009 þótti aðstandendum K einsætt að andlegri heilsu hennar hefði hrakað og var hún í janúar 2010 greind með byrjandi heilabilun af völdum hins ólæknandi heilahrönnunarsjúkdóms Alzheimer. Skömmu eftir sjúkdómsgreininguna skipaði Sýslumaðurinn í Borgarnesi og yfirlögráðandi í sveitafélaginu eldri systurina, G, sem ráðsmann K, en samkvæmt lögræðislögum nr. 71/1997 er hér um opinbert sýslunarhlutverk að ræða. Í því felst að hlutaðeigandi ráðsmanni, hér G, ber að varðveita og ávaxta eignir síns skjólstaðings, hér K, og fær ráðsmaður greidda sérstaka þóknun fyrir þann starfa. Af dómskjölum í málinu er ljóst að yfirlögráðandi braut gegn fyrir mælum lögræðislaga við ákvarðanatöku, og að ströngum skilyrðum laganna fyrir skipun ráðsmanns var fráleitt fullnægt. Nánar verður komið að þessu.

Áður en yfir lauk, í október 2011, hafði K ekki aðeins undirritað þrjár breyttar erfðaskrár til hagsbóta fyrir ráðsmanninn G og þar með gert systurina H arflausa, heldur einnig afsalað með undirritun stórbýlinu til hins skipaða ráðsmanns í formi skriflegs samnings við G um fyrirframgreiddan arf. Hafði K þó hvorki heimild né

hæfi til þeirrar ráðstöfunar samkvæmt skýrum fyrirmælum 1. mgr. 41. gr. lögræðisлага, enda felst í skipun ráðsmanns að sá hinn sami tekur við lögskipuðu hæfi skjólstaðingsins til að undirrita löggerninga af þessum toga, sbr. ótvíræð fyrirmæli 1. mgr. 42. gr. lögræðislaganna. Með einni ólöglegri undirritun á A-4 blað færðust þannig hundruð milljón króna verðmæti úr eigu Alzheimersjúklingsins K yfir til ráðsmannsins G. Einn aðili hefði getað komið í veg fyrir hið ólögmdæta eignaafsal, nefnilega sjálfur yfirlögráðandi í sveitafélaginu, en samkvæmt 3. mgr. 41. gr. lögræðisлага varð stórbýlisgjöfin ekki bindandi fyrir K án formlegrar staðfestingar hans. Í stað þess að gæta hagsmuna K og synja fyrir þinglýsingu hinnar ólögmdætu eignayfirlögráðandi veitti yfirlögráðandi opinbera blessun sína á lögbrotinu. Brást hann þannig lögmæltu eftirlitshlutverki sínu, með þeim afleiðingum að ráðsmaðurinn G komst yfir nær allar eigur K.

Yfirlögráðandi gat hindrað allt þetta sorglega dómsmál með því að fara að lögum og skipa fjárhaldsmann fyrir K en ekki ráðsmann. Er ekki vitað til þess að hann hafi fengið svo mikið sem skömm í hattinn fyrir hin alvarlegu embættisafglöp frá sínum yfirboðara, ráðherra innanríkismála sem gert var kunnugt um málið.

### **Ráð tekin með leynd**

Á árinu 2008, fór móðursystirin (K), 73 ára, fyrst í Alzheimer greiningu á Minnismóttöku Landspítala-háskólasjúkrahúss á Landakoti. Athugun sýndi að hún uppfyllti þá ekki greiningarskilmerki sjúkdómsins. Um ári síðar eða í september 2009, sendi J heimilislæknir, sem er eiginmaður G, inn beiðni á minnismóttökuna um greiningu á K. Þessu var haldið leyndu fyrir yngri systurinni (H). Í læknabeiðninni frá J stendur m.a.:

Nú undanfarna tvo mánuði hafa orðið verulegar breytingar til hins verra hjá K og hafa margir í kringum hana haft orð á því að minnið sé versnandi. Hún ræðir oft sömu hlutina aftur og aftur svo er greinilega breyting hjá henni. Óska eftir að gefinn verði tími í endurmat sem fyrst.

Rannóknir leiddu til eftirfarandi niðurstöðu í janúar 2010, skv. sjúkraskrá K:

Frá því fyrir ári síðan virðist hafa orðið marktæk versnun í minni, bæði yrtu og óyrtu, þó ekki öllum minnisþáttum. Ennfremur segja aðstandendur frá töluverðri versnun í ADL (IQCODE). Aðrir þættir virðast hafa haldist áþekkir. Þessar niðurstöður auka líkur á að um Alzheimer sjúkdóm sé að ræða fremur en MCI.

Greiningn var heilabilun af Alzheimer gerð<sup>i</sup>. Þá er m.a. skert vitræn starfsemi, félagsfærni og sjálfsbjargargeta. Minni K hafði versnað mjög, t.d. mundi hún ekkert úr sögu sem hún las eftir 20-30 mínútur.

MCI (mild cognitive impairment) þýðir væg vitræn skerðing, og þá er hvorki félagsfærni né sjálfsbjargargeta skert. MCI leiðir stundum til Alzheimer heilabilunar en ekki alltaf. Þessi mismunur hefur mikla þýðingu fyrir dómsmálið og komið verður að því síðar.

Alzheimergreiningin var gerð í ársbyrjun 2010. Í bréfi ÞEG öldrunarlæknis til hjúkrunar- og dvalarheimilis aldraðra, 28. janúar 2010, segir um hana:

Nú versnandi nýminnisvandamál, er mikið að endurtaka sig og einnig skert ratvísi. Það hefur greinilega orðið versnun hjá henni síðan áður, getur síður bjargað sér sjálf vegna minnisvandamála, og er hér líklega um byrjandi heilahrönnunarsjúkdóm að ræða og er hún byrjuð á meðferð samkvæmt því.

Meðferð var gerð með sérhæfðu alzheimerlyfi, þ.e. Aricept® (donepezil)<sup>ii</sup>. Skammtur hennar af því var þá aukinn í 10mg. Lyfið hægir aðeins á versnun Alzheimer heilabilunar, en ekkert er til enn sem lækna sjúkdóminn. Einng fékk hún lyf við kvíða. Með heilabilunargreiningunni fékkst pláss á hjúkrunar- og dvalarheimilinu í mars 2010 og þar hefur K átt heima síðan, enda var hún þá orðin alveg háð daglegri stýringu og umönnun frá öðrum.

Í janúar 2011 sýndu niðurstöður rannsókna á Minnismóttöku LSH áframhaldandi alvarlega vitræna versnun hjá K.

### **Ráðsmaður lýsir vitglöpum**

Við rannsóknir Minnismóttöku LSH á hugrænu ástandi og getu K fyllti G út *Spurningalista fyrir aðstandendur um vitræna skerðingu*, svonefnt IQCODE (Informative Questionnaire on Cognitive Decline in the Elderly). Það gerði G fyrst 9. desember 2009 og svo aftur 6. janúar 2011. Í stuttu máli þá benda svör G til mjög alvarlegrar vitrænnar skerðingar hjá K á löngu árabili.

Á fyrri IQCODE listanum, frá árinu 2009, benda svör G til þess að alvarleg vitræn versnun hafi orðið hjá K á tíu ára bili eða allt frá árinu 1999. Heildareinkunn sem kom út á IQCODE var 4,37 stig af 5, sem telst „mjög mikil versnun“. „Það er svona eins hátt og maður sér,“ vitnaði MKJ sérfræðingur í klínískri taugasálfræði um í málinu, en hún stóð fyrir rannsóknum á K.

Til dæmis þá svaraði G þannig að K ætti *mun verr* (5 stig af 5) með:

- að muna hluti um fjölskylduna og nána vini
- að muna hluti sem gerðust nýlega
- að taka ákvarðanir um hversdagslega hluti
- að fást við útreikninga í daglegu lífi, t.d. að vita hve mikinn mat þarf að kaupa, að vita hversu langt líður á milli heimsókna frá ættingjum og vinum
- að skilja hvað sé um að vera og hugsa hluti frá upphafi til enda

G kvað K eiga m.a. *aðeins verr* (4 af 5) með:

- að sjá um fjármálin, t.d. ellilífeyri, bankaviðskipti
- að muna hluti sem gerðust nýlega
- að muna hvaða dagur og mánuður er
- að læra hluti almennt

Á seinni IQCODE listanum sem G fyllti út í ársbyrjun 2011 og kvað hún mikla vitræna versnun hafa orðið hjá K á árinu 2010 (aftur 4,37 stig af 5). Meðal annars hefði K nú *mun verri* getu til „að sjá um fjármálin, t.d. ellilífeyri, bankaviðskipti.“

Annarsstaðar, s.s. hjá yfirlögráðanda, leyndi G því vandlega hve vitskerta hún mat K vera og kvað hana vera með fullu viti, bara aðeins farna að gleyma í nýminni.

Fyrir rétti 30. apríl 2013 varð G að viðurkenna að hafa útfyllt spurningalistana á Minnismóttökunni. Í vitnisburði þar hafði álit G á vitsmunum K hækkað mjög. Hún kvaðst hafa svarað listum á þessa leið:

Bara hvernig hún væri. Já, mér fannst hún bara vera hérna, ég, maður finnur fyrir að hún er farin að gleyma nýminni, en hún er algjörlega með alla rökhugsun og allt þannig í lagi.

Þann sama dag leiddi MKJ taugasálfræðingur í ljós sannleikann um það hvernig G svaraði í raun IQCODE spurningalistunum. Þær upplýsingar höfðu ekki legið fyrir í málinu fyrr.

En það var þó ekki fyrr en í janúar 2014, rúmum mánuði áður en dómur Hæstaréttar féll, að það upplýstist að G hafði lýst vitrænni versnun K með enn meira afgerandi hætti. Hún hafði í janúar 2011 skrifað eftirfarandi orðsendingu til taugasálfræðingsins aftan á IQCODE spurningalistann þar sem hún lýsir K svona:

Í rauninni er allt mun verr en þar sem hún hefur alltaf verið gjörn á að týna hlutum og vita ekki hvar hún hafi lagt þá frá sér er erfitt að meta það. Hún hefur líka alltaf átt erfitt með að lesa, enda örugglega lesblind. Ég finn hins vegar ótrúlega mikla breytingu á henni. Kær kveðja, G (sign).

„Í rauninni er allt mun verr“ (þá væntanlega 5 stig af 5 mögulegum) var mat G á versnun minnis og hugrænnar getu K á 16 atriða prófi. Eða hvort átti það að gilda eða hitt hvernig hún í raun svaraði spurningunum? Á þessum tíma átti K enn eftir að undirrita þrjú umdeild skjöl, þar sem G hagnaðist sífellt meira.

### **Dulafull læknisvottorð**

Fáum dögum eftir Alzheimergreininguna eða þann 15. febrúar 2010 var lögð inn umsókn hjá sýslumannsembætti um skipun G sem ráðsmanns fyrir K. Þar stendur að það sé gert vegna veikinda og „*samanber meðfylgjandi læknisvottorð*“. Umsóknina gerði lögmaður sem er vinur G. Umsóknin ber undirritun K og er óvottuð.

Svonefnt „meðfylgjandi læknisvottorð“ hefur ekki litið dagsins ljós. Það fannst aldrei í gögnum sýslumanns. Þó kveða lög á um að umsókn um ráðsmann skuli, „fylgja læknisvottorð þar sem grein er gerð fyrir heilsufari umsækjandans, svo og mati læknis á því hvort hann geri sér grein fyrir þýðingu þeirrar ráðstöfunar.“ Við skipun ráðsmannsins missti K hæfi til undirritunar löggerna og til stjórnunar eigna sinna og fjármála.

Eftir að G hafði eignast nær aleigu K í október 2011 fór fram leit að læknisvottorðinu. Eftir þá leit skrifaði sýslumaður tölvupóst, 5. desember 2011, til lögmanns H:

Ég kannaði málið og talaði við Þorkel öldrunarlækni. Hann sagði mér að vottorðið sem umræðir væri hjá sér og hann afhenti það ekki nema um dómsmál væri að ræða.

Til að fá úr þessu skorið hvort Alzheimer greining hafi verið gerð varð H því að höfða sérstakt vitnamál og boða ÞEG öldrunarlækni til skýrslutöku fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Hann mætti fyrir réttinn þann 25. september 2012 og var áminntur um sannsögli samkvæmt dómvenjum. Það undarlega gerðist þar að öldrunarlæknirinn kvaðst aldrei hafa gert neitt vottorð um K, fyrir utan eitt sem var dagsett 5. september 2012 og var lagt fram, lögmanni H alveg að óvörum, við sjálfa vitnaleiðsluna. Þar reyndi hann að láta líta svo út að Alzheimergreining hafi ekki átt sér stað. Nánar verður fjallað um það síðar.

Það að ÞEG hafi ekki verið búinn að gera vottorð um K áður stangast á við ofangreind orð sýslumanns í tölvupóstinum frá því í 5. desember 2011. Hvor þeirra segir satt?

Auk þess varð ÞEG að játa fyrir rétti í apríl 2013 að hafa í janúar 2010 skrifað annað vottorð um K, sem fylgdi umsókn fyrir hana á hjúkrunar- og dvalarheimili.

### **Uppljóstrun og sambandsslit**

Það var fyrir tilviljun í apríl 2010 að H komst að því að K hefði verið greind með Alzheimer sjúkdóm og að til stæði að G yrði ráðsmaður. Þá funduðu systurnar um málið ásamt eiginmönnum sínum. Viðurkenndu J og G þar að hafa staðið að greiningunni. Kváðu þau nauðsynlegt að K fengi ráðsmann til þess að hún yrði ekki plötuð af einhverjum til þess að undirrita kaupsamninga, afsöl eða aðra löggerninga, en slíkt væri útilokað að fá leiðrétt í dómskerfinu. Á fundinum upplýsti G að þær systur ættu einar að erfa K, en það vissi H ekki fyrir. Samkvæmt erfðaskrá frá 2006 áttu þær að erfa K að jöfnu, m.a. stórbýlið Munaðarnes. Samþykkt var á fundinum að H fengi að fylgjast með öllu í ráðsmannsstörfum G. Fáum dögum síðar, er upp reis ágreiningur milli tveggja barna þeirra, sleit G fjölskyldusambandi við H.

Þegar G, sem orðinn var ráðsmaður, neitaði svo í framhaldinu að K væri með Alzheimer heilabilun reyndist það erfitt fyrir H að sanna það að greiningarferlið hefði átt sér stað og það hver þáttur J og G var í því, en það tókst að lokum.

### **Ráðsmennskan**

Í maí 2010 var G skipuð sem ráðsmaður K. Skömmu síðar gekk H á fund sýslufulltrúa og varaði við því að G myndi líklega nota ráðsmannsstöðuna til þess að skara eld að sinni köku. Fulltrúinn ráðlagði H að fylgjast vel með og bregðast við ef tilefni gæfist til. Á meðal fyrstu verka G var að taka yfir bifreið K og leyfa dóttur þeirra J að búa leigufrétt í öldrunaríbúð hennar. Hvort tveggja er brot á lögræðislögum, þar sem G bar sem ráðsmanni að nýta eignirnar í þágu skjólstaðings síns. Auk þess er aldur dótturinnar langt undir mörkum sem gilda fyrir búsetu í öldrunaríbúðum. Lögræðislög, gr. 67, 1. og 3. mgr. sem gilda um

ráðsmenn kveða á um að þeim beri að varðveita og ávaxta fé skjólstæðings síns sem best á hverjum tíma og halda ávallt peningum og viðskiptabréfum skjólstæðings síns frá eigin fjármunum. Fyrir rétti neitaði G alfarið að leggja fram bókhald um ráðsmannsstörf sín allt frá árinu 2010.

### **Röð gerninga**

Rúmu hálfu ári eftir Alzheimergreininguna eða 10. ágúst 2010 var fyrstu erfðaskrárbreytingu með undirritun K þinglýst. Undirritun K á erfðaskrána er dagsett 6. ágúst 2010 og vottun hennar er gerð daginn áður eða 5. ágúst 2010 (?). Samkvæmt 1. gr. erfðaskrárinnar skyldu systurnar sem fyrr erfa jafnt, en það stangast á við 2. gr. erfðaskrárinnar þar sem hlutur G aukinn og hlutur H minnkaður. Ólíkt fyrri erfðaskrárám K þá er orðalagið flókið og skipting óskýr. Vottað er að K sé „heil heilsu andlega,“ þvert á greininguna í byrjun ársins.

Í júní 2011 er annarri erfðaskrárbreytingu þinglýst með undirritun K. Skyldi G nú ein erfa Munaðarnes og „allar aðrar eigur“ K aðrar en öldrunaríbúð sem H fengi. Enginn vottar um andlega hæfni K við þessa undirritun, þó að erfðalög krefjist þess.

Þann 11. október 2011 var þinglýst skiptayfirlýsingu með undirritun K. Um er að ræða einhliða samning eða eignaafsal þess efnis að G fái jörðina Munaðarnes með öllu í fyrirframgreiddan arf. K hafði þann 4. maí 2010 afsalað sér hæfi til undirritunar slíks löggernings og það til G, sjálfs ráðsmannsins. Frá þeim tíma fór G sem ráðsmaður, þ.e. opinber sýslunarmaður, ein með réttinn til að ráðstafa jörðinni með afsali, sbr. 42. gr. lögræðislaga nr. 71/1997. G sat þarna báðum megin borðs. Enginn vottar um andlega hæfni K við þennan gjafagerning til G.

Fyrir ólögmati þessa „löggernings“ færði lögmaður H skýr rök. Gerningurinn brýtur ekki aðeins í bága við 1. mgr. 42. gr. lögræðislaga, heldur einnig við 1. mgr. 37. gr. og 38. gr., sbr. 1. mgr. 45. gr. erfðalaga, og/eða samkvæmt 31. gr. laga nr. 7/1936 um samningagerð, umboð og ógilda löggerninga. Þessi lagarök standa enn óhrakin.

Þann 15. október 2011 sagði H sýslufulltrúa, þ.e. yfirráðsmanni, frá því að G ráðsmaður væri orðinn eigandi Munaðarness. Fulltrúinn hafði enga hugmynd um þessa eignatilfærslu en sannreynði hana í tölvu sinni. Hann bar þó aðalábyrgðina á þessu og átti að hafa yfirumsjón með öllu slíku. Afglöp sýslumannsembættisins eru alvarleg, en embættið viðurkenndi þau ekki heldur snerist það gegn H.

Þann 20. október 2011 er þriðju erfðaskrárbreytingu þinglýst með undirritun K. Nú skyldi G ein erfa allt eftir K. Enginn vottar um andlegt hæfi K við þess undirritun, þó að erfðalög krefjist þess.

Þessi yngsta erfðaskrá var ekki lögð fram fyrr en í fjárræðissviptingamáli í apríl 2013. Þá var það gert gagngert til að eyðileggja málsaðild H í því máli og koma í veg fyrir að hægt yrði að skipa K fjárhaldsmann og setja G af sem ráðsmann. Skjalið ber með sér að sýslumaður hafi þinglýst því sjálfur þann 20. október 2011.

Hann virðist samt ekki hafa vitað af því þann 5. desember 2011 og hafa á þeim tíma álitid H hafa fulla málsaðild fyrst hann vann að því fyrir hana að leita uppi hið dularfulla læknisvottorð um veikindi K sem aldrei fannst.

### **Ósannindi fyrir dómi**

Samkvæmt IQCODE svöruninni, sem áður er getið um, taldi G mjög mikla versnun hafa orðið á minni og hugrænni getu K á tímabilinu allt frá árinu 1999 til ársins 2011. Í greinargerð sinni til héraðsdóms í desember 2012 sneri hún þessu öllu saman upp á H. Þar ásakar hún systur sína H um að hafa:

að undanfögnu gert allt til þess að sýna fram á að K hafi verið mjög andlega vanheil síðustu ár og ef taka ætti mark á fullyrðingum H hvað þetta varðar yrði ekki annað ályktað en að K sé svo andlega vanheil að hún sé alfarið ófær um að stjórna sínu daglega lífi. ... Í þessu sambandi fullyrði H enn og aftur ranglega að K hafi verið greind með heilabilun í janúar 2010 sem sé rangt.

Þannig var sannleikanum snúið á hvolf. Það var hún sjálf og maður hennar sem sýndu fram á að K hafi verið orðin andlega vanheil um langt árabil. Sannað er að þau stóðu sjálf að því að fá Alzheimergreiningu á K. H frétti af því eftir á. Þau vissu Alzheimergreiningunni snemma árs 2010. Það sannast af bréfi sem ÞEG öldrunarlæknir skrifaði til J heimilislæknis mars 2010 um fund ÞEG hans með þeim læknishjónum ásamt K sem haldinn var skömmu áður. Þar segir ÞEG m.a.:

Það virðist ganga nokkuð vel núna, hún er í dagvist og líkar vel, eða að gera handavinnu. Einnig hefur verið gengið frá fjármálum, og það er systurdóttirin sem er hennar fjárhaldsmaður og fara þær í sameiningu og ganga frá fjármálunum. Er K mjög ánægð með þetta fyrirkomulag. Ég skýri út fyrir þeim sjúkdóminn, en þetta er líklega byrjandi Alzheimer sjúkdómur.

Athyglisvert er að ÞEG notar þarna orðið fjárhaldsmaður, sem ekki á við, því G var ráðsmaður fyrir K. Fjárhaldsmaður hefur allt aðra lagalega merkingu en ráðsmaður. Ef K hefði haft fjárhaldsmann er útilokað að G hefði komist yfir allar eigur hennar eins og gerðist, jafnvel þó að G hefði verið fjárhaldsmaðurinn.

Fyrir héraðsdómi þann 30. apríl 2013 var vitnisburður G ráðsmanns um færni K ólíkur því sem hún hafði áður haldið fram og Alzheimergreining felur í sér. Það var engu líkara en að K væri alls ekki með Alzheimersjúkdóm eða að fyrsti Alzheimersjúklingurinn í heiminum hefði náð bata. Bar G t.d. fyrir réttinum að K væri „algjörlega með alla rökhugsun og allt þannig í lagi.“ Einnig það að K væri „alveg ein í öllum framkvæmdum“ í Munaðarnesi, m.a. við að leggja hita í gólf hússins, flísaleggja það og gera upp. G kvaðst ekki gera neitt þar öðru vísi en að tala um það við K. Og það á býli sem var þá var fyrir löngu komið úr eigu K og í einkaeigu ráðsmannsins!

Áminnt um sannsögli fyrir rétti kvaðst G fyrst hafa fengið að vita það daginn sem yngsta erfðaskráin var gerð, þann 20. október 2011, að K væri þá „að fara að borga út, hérna, er þú veist, jörðina.“ Þarna þóttist G ekki vita að hún varð

þinglýstur eigandi jarðarinnar níu dögum fyrr, með skiptayfirlýsingu sem hún undirritaði sjálf þann 11. október 2011.

### **Óupplýstur sýslumaður**

G sem varð ráðsmaður í 4. maí 2010 sagði sýslumanni, þ.e. yfirráðsmanni, ekki frá Alzheimergreiningunni, svo sem ráðsmanni ber að gera, skv. 48 gr. lögræðislaga. Það var sem sýslumaður kæmi af fjöllum þann 30. apríl 2013 þegar hann fullyrti fyrir rétti að tal lögmanns H um að K væri með Alzheimer sjúkdóm væri „alveg tilhæfulaus rógur.“ Hann var í ham og kvaðst myndu, „sækja það mál af mikilli festu, ef að hérna niðurstaðan verður sem ég held hún verði hérna.“

Fyrr um daginn, sem þessi orð yfirráðsmannsins féllu í réttinum, hafði ráðsmaðurinn viðurkennt þar að hafa vitað um Alzheimergreininguna eigi síðar en í mars 2010. Var sýslumaður svona óupplýstur eða var hann að hylma yfir embættisglöp sín?

### **Er greining um heilabilun af Alzheimer gerð marktæk?**

Vitnisburðir lækna í þessu máli bendir til þess að þeir taki hvorki mark á sjúkdómsgreiningu um heilabilun af Alzheimer gerð né á klínískum leiðbeiningum þar um sem finna má á vef landlæknis. Á vefnum stendur m.a.:<sup>iii</sup>

Heilabilun (dementia) er samheiti yfir það ástand þegar vitræn skerðing er orðin það mikil að viðkomandi getur ekki séð um sig sjálfur og félagsleg færni (til að útrétta, versla, sækja mannamót) og sjálfsbjargargeta (elda mat, þrifa heimilið, klæða sig, þrifa sig og vera sjálfbjarga á salerni) hefur skerst.

Helstu einkenni teljast minnisskerðing, málstol, verkstol, og skert stýring hugsunar, innsæi og dómgreind. Vitað er að þegar þessi einkenni Alzheimer heilabilunar greinast hefur sjúkdómurinn ágerst lengi, jafnvel í 20 ár.<sup>iv</sup>

Í ljósi þess að Alzheimersjúkdómur fer óhjákvæmilega síversnandi og er ólæknandi er ótrúlegt að ÞEG öldrunarlæknir skuli hafa breytt sjúkdómsgreiningu sinni á K við vitnaleiðslu fyrir héraðsdómi þann 25. september 2012. Í læknisvottorðinu, sem hann afhenti þann dag og er dagsett 5. september 2012, segir m.a.:

Rannsóknir og klínískt mat benti til þess að hér væri um væga minnisskerðingu að ræða sem gæti verið að þróast í Alzheimer sjúkdóm þrátt fyrir að hér væri ekki um heilabilun að ræða. Hún var því sett á viðeigandi meðferð.

Þetta stangast á við sjúkdómsgreiningu sama læknis í janúar 2010 um byrjandi „Alzheimer sjúkdóm“ samkvæmt nótu í sjúkraskrá K frá í janúar 2010. Þetta stangast líka á við það að ÞEG kvað K vera með „heilahrönnunarsjúkdóm“ samkvæmt læknabréfi hans dagsettu 28. janúar 2010. Þetta stangast líka á við það að K var sett á Aricept® lyf og skammtur hennar á því aukinn í janúar 2010. Það lyf er gefið við heilabilun og það virkar ekki fyrir væga vitræna skerðingu samkvæmt upplýsingum á vefsíðu framleiðanda.<sup>v</sup>



Öldrunarlæknirinn skrifar einnig í vottorðið frá 5. september 2012:

Þrátt fyrir sína minnisskerðingu þá er hún með fulla dómgreind, fær um að gera eigin ráðstafanir varðandi sig og einnig hvað varðar sín fjármál og eigur. Þetta hefur lítið breyst í gegnum árin en hún var hér síðast í eftirliti hjá mér þann 21. ágúst 2012.

Þessi orð læknisins eru þverstæðukennd og villandi í málinu. Fyrir liggur að hann greindi K með Alzheimer heilahrönnunarsjúkdóm í ársbyrjun 2010. Það þýðir að hún var þá ekki með fulla dómgreind. Skert dómgreind þessara sjúklinga er einmitt ein helsta ástæða þess að þeir þurfa daglega umönnun og gæslu.

Það eykur ekki tiltrú á öldrunarlækninum að inngangsspurning til hans í vitnaleiðslu 25. september 2012 var hvort hann þekkti „til J, sem hér situr, annað hvort faglega eða persónulega.“ Svar læknisins var: „Nei, ég bara veit hver hann er. Ég hef ekki haft nein samskipti við hann að öðru leyti, sko.“ Síðar kom í ljós að þeir höfðu áður átt fund saman og bréfaskipti.

Alvarlegast er þó það að í vitnaleiðslunni fyrir rétti þann 25. september 2012 breytti ÞEG orðum í sjúkraskrá. Við upplestur úr henni breytti hann orðalagi til samræmis við það sem hann hélt fram í vottorðinu frá 5. september 2012 að K hafi ekki verið greind með Alzheimersjúkdóm. Hann reyndi með þessu að láta líta svo út að K hafi verið greind með MCI, þ.e. væga vitræna skerðingu.

Í sjúkraskránni stendur þetta:

„Þessar niðurstöður auka líkur á að um Alzheimer sjúkdóm sé að ræða fremur en MCI.“

Öldrunarlæknirinn las setninguna svona:

Þessar niðurstöður auka líkur á að um Alzheimersjúkdóm sé að ræða ... byrjandi Alzheimersjúkdómur.

Punktarnir þrír standa fyrir hik læknisins í lestrinum. Orðin „byrjandi Alzheimersjúkdómur“ spann hann upp hann áminntur um sannsögli í vitnastúku Héraðsdóms Reykjavíkur.

Þrátt fyrir fullyrðingu í vottorðinu um færni K til að sjá um fjármál sín og eigur viðurkenndi öldrunarlæknirinn í vitnaleiðslu í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 25. september 2012 að hafa ekkert vitað um að K afsalaði sér Munaðarnesi til G. Hann kvaðst hafa meint að K gæti „farið og borgað einhverja hluti út í búð eða svoleiðis.“ Til þess hefði hann treyst henni. Síðar kom í ljós að læknirinn hafði í ágúst 2010 skrifað í sjúkraskrá að K sé, „alveg hætt að sjá um fjármálin, frænkan sem sjái um það, en hún hefur verið með sumarbústaðarekstur.“

Við vitnaleiðsluna gaf öldrunarlæknirinn upp ranga ICD-10 greiningartölu fyrir sjúkdóm K. Aðspurður um þetta fyrir Héraðsdómi Vesturlands, þann 30 apríl 2013, leiðrétti greiningartöluna og kvað sig hafa misminnt.

Annar öldrunarlæknir sem vitnaði í þágu G í málinu og skrifaði í niðurstöðum greinargerðar sinnar, dags. 8. febrúar 2013, að K hafi „verið að þróast með sér Alzheimer sjúkdóm síðustu árin.“ Einnig gaf hann þetta álit:

Það má með góðum rökum gera ráð fyrir því að ef K byggi í Reykjavík eða öðrum þéttbýliskjarna þá er núverandi geta hennar fullnægjandi til að geta viðhaldið sjálfstæðri búsetu, sérstaklega ef hún hefði aðgengi að dagþjálfun og dagleg innlit væru í boði.

Þráspurður um hin „góðu rök“ varð öldrunarlækninum svaravant, enda eru gild rök fyrir þessum orðum hans ekki til. Læknirinn sagði spurninguna vera hlaðna og fór undan í flæmingi. Hann kvaðst líka vilja forðast langa ræðu ef hann mætti og baðst forláts á því. Ef K var svona sjálfbjarga á árinu 2013, eins og læknirinn vildi meina, af hverju var hún þá í mars 2010 flutt úr öldrunaríbúð sinni í Reykjavík og vistuð á dvalar- og hjúkrunarheimili? Slík pláss fær aðeins ósjálfbjarga fólk.

J heimilislæknir, sem í upphafi sendi K á Minnismóttökuna til Alzheimer greiningar, skoraðist undan því að bera vitni í málinu. Vísað var til undanþágu frá vitnaskyldu fyrir hann sem maka G. J hefur margra ára reynslu af öldrunarlækningum og væntanlega eitthvað um málið að segja. Ef hann hafði ekkert að fela, hvers vegna vék hann sér undan því að vitna?

### **Dylgjur og undanbrögð**

Í dómsmálinu sakaði G systur sína H um að hafa hætt að heimsækja K eftir erfðaskrárbreytingu. Hún vitnaði í orð K um þetta, sem þó var farin að gleyma jafnóðum hverjir komu í heimsókn. Gestabækur voru hafðar í herbergi K til að hjálpa henni við að rifja upp hverjir komu í heimsókn. Þessar ásakanir G um að H heimsækti ekki K afsönnaðust með þessum gestabókum. Reyndar höfðu þær horfið úr herbergi K. Skorað var á G að leggja þær fram í dómsmálinu þar sem þær gætu sannað það að H hafði heimsótt K bæði oft og reglulega. G hafnaði því að leggja þær fram.

Þetta bragð hjá G var raunar fyrirséð eftir að fyrsta gestabókin hvarf frá K. Þess vegna tók ég reglulega ljósmyndir af blaðsíðum bókanna. Þegar útséð var um að G fengist til að leggja bækurnar fram í málinu, lagði lögmaður H ljósmyndirnar af blaðsíðunum úr þeim fram. Myndirnar sönnuðu tíðar og reglulegar heimsóknir H til K allan tímann.

Í málinu ásakaði G systur sína H líka ranglega um að hafa komist yfir erfðaskrár með því að brjótast inn í peningaskáp K og bar G fyrir því orð K. Sannað er að erfðaskrárnar fékk H eftir löglegum leiðum þ.e. frá sýslumanni og frá lögmanni G. Þessum glórulausu ummælum hélt G samt til streitu og þau rötuðu inn í málavaxtalýsingu héraðsdóms, sem Hæstiréttur svo vísaði til eins og að þar væri allt að marka, sem er alls ekki.

### **Stjórnkerfið**

H fór fram á að stjórnvöld beittu lögboðnum áhrifum sínum að fá skipaðan fjárhaldsmann fyrir K, en við því var ekki orðið. Innanríkisráðuneytið kvað málefni eins Alzheimersjúklings ekki varða við almannahagsmuni. Félagsmálaráð sveitarfélags ákvað að gera ekkert í því að G ráðsmaður hefði fé og eignir af K, og bar því við að K hefði það gott á dvalarheimilinu.

H kærði G til sérstaks saksóknara og þá tók ekki betra við. Vonandi telst verklag hans einsdæmi. Hvorki var tekin skýrsla G og né rannsakaðar hennar gjörðir. Saksóknarinn ræddi ekkert við H.

Aftur á móti Alzheimersjúklingurinn af einhverri óskiljanlegri ástæðu færður til yfirheyrslu hjá sérstökum saksóknara. Saksóknarinn hefur svo eftir henni atriði eins og hún væri andlega heil. Flest af því stenst engan veginn svo sem gefur að skilja. Til dæmis sagði K það að G hafi hugsað alveg um hana, sem auðsjáanlega er ekki rétt, og eigi því skilið að erfa hana; og það að K væri með fatlaðan fót, gæti ekki ekið lengur og hafi því fengið G sem ráðsmann sinn. K kvaðst við yfirheyrsluna ekki eiga við nein minnisvandamál að stríða. Sem von var mundi hún ekki eftir Alzheimer sjúkdómi sínum. Einnig bar K fram rangar ásakanir á H og á mig. Þekket er að slíkt geti hent heilabilaða, sérstaklega hafi þeir orðið fyrir innrætingu. K sagði sérstökum saksóknara t.d. að samskipti við H hafi verið lítil og minnkað mikið eftir að hún breytti erfðaskrá sínum. Hvaðan fékk K hafi slíkar upplýsingar, sem voru alger uppspuni? Bjó hún þetta til sjálf eða var henni innrætt þetta fyrir yfirheyrsluna? Óumdeild er sú staðreynd að samskipti milli K og H hafa alla tíð verið mikil. Gestabækur K sanna að heimsóknir H til K breyttust ekkert eftir að farið var að breyta erfðaskrá. K sagði við saksóknara að H og ég værum ágjörn fram í fingurgóma og að H hafi brotist inn í peningaskáp sem hún hafði í herbergi hennar á dvalarheimilinu og komist þannig í erfðaskrár hennar, en um þann meinta peningaskáp hafði H aldrei vitað fyrr. Óumdeilt er að erfðaskrárnar fékk H allar eftir löglegum leiðum. K sagði saksóknara að heilsa hennar væri góða, hún væri vel áttuð og ætti ekki við nein minnisvandamál að stríða. Hið furðulega er að þetta virðist sérstökum saksóknara hafa þótt trúverðugt og hann gerir á þessu enga fyrirvara. Þessi fjarstæðukenndi framburður heilabilaðrar konu sem sett hafi verið í yfirheyrslu, þ.e. aðstæður sem aldrei hefðu átt að eiga sér stað, rataði svo inn í dóm í héraði rétt eins og að eitthvert vit væri í þessu. Svo góðkenndi Hæstiréttur óbeint þessi ósköp með því að vísa gagnrýnislaust í hlutdræga málsatvikalýsingu héraðsdóms.

Störfum hlaðinn ríkissaksóknari fór yfir „rannsókn“ sérstaks saksóknara. Hann gerði ekki athugasemdir við verklagið og án þess að gera sjálfstæða rannsókn ályktaði hann um að misneyting hafi ekki átt sér stað. Hann þó það mikilvæga atriði að setja inn í skýrslu sína upplýsingar úr sjúkraskrá K sem áður höfðu verið óaðgengilegar fyrir H. Þannig sannaðist það hvernig greiningarferlið fór fram, hver þáttur G og J var í því, og loksins sú staðreynd að Alzheimergreiningin var

gerð, en því höfðu G og J reynt að leyna. Þessar upplýsingar gáfu H staðfestingu á því sem gerst hafði og um leið fullt tilefni til að fylgja málinu eftir.

### **Að spilla ævilöngu persónusambandi**

Það ljótasta í málinu, að mínu áliti, er aðför G að ævilöngu sambandi þeirra K og H. K er barnlaus og leit á systurnar hvora um sig sem dætur sínar. Allra síst hefði hún viljað skapa deilur milli þeirra enda gerði hún sitt til að svo yrði ekki á meðan hún var andlega heilbrigð.

Svo langt var gengið að H fékk tölvupóst frá lögmanni G í apríl 2012 þar sem hann fór fram á það að H og hennar maður hætti að heimsækja K. Á þeim tíma voru fáir orðnir eftir sem heimsóttu K. Að sjálfsögðu hélt H áfram heimsóknum til K og er alltaf vel fagnað af K.

H hefur af fremsta megni hlíft K við deilu þeirra systra. Aftur á móti viðurkenndi G það fyrir rétti að hafa borið upplýsingar um deilumálin í K, auk þess sem skrif hennar og J læknis í gestabækur K gefa slíkt til kynna.

### **Fyrir Héraðsdómi Vesturlands**

H stefndi G fyrir Héraðsdóm Vesturlands. Þar sem K fékk ekki skipaðan fjárhaldsmann var lagalega ekki hægt að stefna G fyrir rétt, vegna ólöglegs afsals á Munaðarnesi, nema að stefna líka K að nafninu til. Það var þung raun fyrir K að þetta væri eina færa lagalega leiðin til að taka á því sem G var að gera. Í raun virkaði þetta þannig að G fékk tvo lögmenntil að verja sig.

Í héraðsdómi fór fram einkennileg tveggja daga aðalmeðferð. Áberandi var hve hlutdrægur Allan Vagn Magnússon dómstjóri var í réttinum. Lögmaður H fékk varla frið til að spyrja vitni vegna sífelldra truflana bæði frá lögmonnum G og sjálfum dómstjóranum. Ég hef vitnað sem dómkvaddur matsmaður og verið meðdómari í mörgum forsjármálum fyrir dómstólum. Ég þekki því venjur og siði sem gilda um það að vera í vitnastúku. Mér þótti dómstjórn Allans Vagn Magnússonar vera með hreinum ólíkindum. Ég vitnaði sjálfur í þessu máli og varð þegar í upphafi vegna truflana að spyrja hann beint um það hvort ég gæti fengið frið til að tjá mig. Eftir það fékk ég frið til þess. Það sama er ekki að segja að önnur vitni sem mættu á vegum H hafi fengið frið til að tjá sig. Vitni á vegum G fengu aftur á móti að tjá sig óáreitt.

Sérfræðingur í öldrunarhjúkrun á Minnismóttöku LSH á Landakoti sem til stóð að vitnaði um þær lýsingar sem G gaf, um vanhæfni K til aðlögunar í daglegu lífi, var hrakinn úr réttinum undir hótun lögmannna um mögulega málsókn fyrir að ræða um K. Dómstjórinn neitaði hjúkrunarfræðingnum um vitnavernd, aðspurður af lögmanni H. Þetta leiddi til þess að fyrirhugaður vitnisburður hjúkrunarfræðingsins komst aldrei inn í málið.

Reynt var með sama hætti að hrekja sérfræðing í klínískri taugasálfræði sem stóð fyrir rannsóknum á K á Minnismóttöku LSH á Landakoti úr réttinum, en það tókst ekki.

Dómstjórinn tók það svo upp hjá sér að stöðva vitnaleiðslu á taugasálfræðingnum þegar lögmaður H var að spyrja hann út í svörun G á IQCODE spurningalistunum. Það voru einmitt að koma fram mikilvægar upplýsingar sem G gaf um mikla vitræna versnun hjá K allt frá árinu 1999 að koma fram. Þær upplýsingar voru einn af þeim þáttum sem leiddu til þess að G var greind með Alzheimersjúkdóm. Síðar áttaði dómstjórinn sig á því að hann hafði gengið of langt og leyfði það að sálfræðingurinn kæmi aftur fyrir rétt á seinni degi aðalmeðferðar, þann 27. maí 2013, til að ljúka þessum vitnisburði sínum.

Öldrunarlæknar sem vitnuðu fyrir málstað G, þ.á.m. öldrunarlæknirinn af Minnismóttöku LSH á Landakoti, fengu engar hótanir um málsókn fyrir að ræða um K. Þeir fengu engar aðfinnslur fyrir að tjá sig og voru heldur ekki stöðvaðir í miðjum vitnisburði sínum af dómstjóranum og sendir heim eins og gert var við taugasálfræðinginn.

Tilraun var gerð til þess að kvarta undan dómstjórn Allans Vagn Magnússonar dómstjóra við Nefnd um störf dómara sem vinnur á vegum innanríkisráðuneytisins. Það hafði enga þýðingu. Niðurstaða kollega hans í nefndinni, um haustið 2014, var sú að ekkert væri athugavert við gjörðir hans.

Efnislega niðurstaða Héraðsdóms Vesturlands var sú að „víðs fjarri“ væri að K hafi verið beitt misneytingu. Dæmi nú um það hver fyrir sig. Fyrir þessu færði héraðsdómur mjög óskýr rök. Auk þess var dómurinn kveðinn upp í kyrrþey. H fékk ekki að vita um stað og stund þeirrar uppkvaðningar. Með því voru brotin á henni bæði mannréttindi og ákvæði einkamálalaga.

Það hvernig dómurinn er unninn stenst hvorki faglegar kröfur um málsatvikalýsingu né rökstuðning. Dómurinn er að mestu samsettur með „copy-paste“ úr stefnu og greinargerðum. Hvergi er fjallað um málsástæður H í stefnu sem rökstuddar eru ítarlega. Alfarið er því sleppt að fjalla um mikilvæg málsatriði, s.s. IQCODE spurningalista, villandi vitnisburði fyrir rétti, ólöglega vottaðar erfðaskrár og skiptayfirlýsingu. Hvergi er minnst á afglöp sýslumanns.

Dómurinn var fjölskipaður. Búast hefði mátt við að meðdómendur, sem voru tveir öldrunarlæknar, myndu fjalla þar um hin læknisfræðilegu sjónarmið málsins, en það var ekki gert. Engin skýring er gefin á því hvers vegna dómarnir telja að þrátt fyrir langvinna heilabilun sína hafi K verið hæf til að undirrita löggerninga á þeim dögum sem það gerðist. Einnig vantar rök fyrir því hvers vegna dómurinn telur að undirritun K á afsali Munaðarness til G ráðsmanns standist lög, eftir að K

hafði afsalað sér hæfi til slíkra undirritana, yfir til G ráðsmanns. Auk þess sem farið var á bak við yfirráðsmann þegar þetta var gert.

### **Aðkoma Hæstaréttar Íslands**

H treysti því að fá réttláta málsmeðferð fyrir Hæstarétti og að þar yrði tekið á málum, en það brást. Við lok gagnaframlagningar, 15. janúar 2014, skrifar lögmaður H bréf til HR og segir m.a.: „Undirritaður lögmaður verður fjarverandi 14.-28. febrúar og 11.-28. apríl 2014.“ Hæstiréttur setti málflutningsdag þann 17. febrúar 2014, einmitt í fjarveru lögmannsins sem gjörþekkti málið.

Þetta framkoma Hæstaréttar gagnvart fjarveru lögmannsins setti beyg að H. Um það skrifar hún 29. janúar 2014 til lögmannsins: „Ég velti líka fyrir mér hvort þessi meðferð í hæstarétti þýði að það verði alveg hunsaður allur minn réttur og sagt að þetta hafi aldrei verið mál.“ Hún reyndist sannspá.

Hæstiréttur kvað upp sinn dóm þann 20. febrúar 2014. Stuttur dómurinn ber ekki vott um að málgögn upp á nær 500 síður hafi verið ígrunduð. Hæstiréttur vitnar til málsatvikalýsingar héraðsdóms, sem er bæði einhliða og hlutdræg. Í hana vantar flest allt sem rakið er í þessari grein.

Niðurstaðan var að HR taldi sig verða „að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi“. Það gerðist reyndar ekkert sjálfkrafa í þessu heldur voru það þrír dómarmenn sem ákváðu að frávísa málinu. Það gerðu þeir óumbeðnir, Eiríkur Tómasson, Helgi I. Jónsson og Þorgeir Örlygsson. Þeir segja frávísunina vera af þeirri ástæðu að fyrir hafi legið ótvírætt þegar málið var höfðað í lok október 2012 að H hafi ekki haft lögvarða hagsmuni af málshöfðuninni þar sem hún var ekki lengur nefnd í yngstu erfðaskrá K, sem dagsett var 20. október 2011. Af þessari ástæðu töldu þeir málið hafa verið höfðað að þarflausu.

Ég álit að niðurstaða Hæstaréttar standist ekki af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er sú staðreynd að þegar ólögmet undirritun K er fengin á afsal bújarðarinnar Munaðarness til ráðsmannsins, þann 11. október 2011, var H enn nefndur erfingi í þágildandi erfðaskrá. Það er ekki fyrr en níu dögum síðar eða þann 20. október 2011 að K undirritar yngstu erfðaskrána þar sem nafn H er fellt út og nafn G skráð sem einkaerfingi að öllum eignum K. Með öðrum orðum, H átti málsaðild þegar hin meinta misneyting átti sér stað, þann 11. október 2011. H tilkynnti strax um hinn ólögmeta gjörning til sýslumanns þann 15. október 2011. Þá var nafn H enn í erfðaskrá og hún því með málsaðild.

Í öðru lagi þá get ég ekki séð hvernig lagatúlkun Hæstiréttur um greinarmun annars vegar á hæfi manns til að gera erfðaskrá og hins vegar á hæfi manns til að afturkalla erfðaskrá fær staðist í þessu máli. Samkvæmt dóminum er erfðaskrá því aðeins gild „að sá, sem gerir hana, sé svo heill heilsu andlega að hann sé fær um að gera ráðstöfun á skynsamlegan hátt.“ Við afturköllun erfðaskrár telur Hæstiréttur aftur á móti að það nægi „að arfleiddandi láti ótvírætt í ljós að hann taki aftur erfðaskrá sína til þess að hún sé fallin úr gildi.“

Samkvæmt þessari túlkun réttarins þarf ekki að vera víska fyrir því að sá sem afturkallar erfðaskrá viti hvað hann sé að gera og skilji afleiðingar þess. Hæstiréttur útskýrir ekki þessa afstöðu sína, sem er ekki vel skiljanleg. Afstaða réttarins verður þó alveg óskiljanleg þegar horft er til þess að í umræddu máli voru *afturköllunin á fyrri erfðaskrá og nýja erfðaskráin eitt og sama plaggið!*

Sýslumaður, sem brugðist hafði lögbundinni eftirlitsskyldu sinni, leiðrétti ekki embættisglöp sín. Honum bar vegna veikinda K að sjá til þess að K fengi fjárhaldsmann en ekki ráðsmann. Þau afglöp höfðu úrslitaþýðingu fyrir þetta sorglega mál. Með því að fara að lögum hefði sýslumaður hreinlega komið í veg fyrir að það ætti sér stað. Það er vegna þess að þá hefði enginn getað látið K, Alzheimersjúka, fá löggerninga til undirritunar. Sýslumaðurinn í Borgarnesi fór ekki að lögum. Hæstiréttur tók ekki á því frekar en Héraðsdómur Vesturlands gerði. Dómstólarnir ákváðu frekar að láta H gjalda fyrir þetta. Þeir framfylgdu því að mínu áliti af hörku, en ekki réttlæti.

Hæstiréttur ákvað með þessu að eyðileggja málsaðild H og allt málið með frávísun sinni. Með því að veita H refsingu að auki gerir rétturinn afstöðu hennar ómerkja. Með því sneiddi æðsta dómvaldið hjá því að fjalla um og taka á öllum þeim alvarlegu málsatvikum sem hér hafa verið rakin. Hvorki Hæstiréttur né Héraðsdómur Vesturlands tóku á óstöðugum framburði og ósannindum sem sannarlega komu fram í málalíbúnaði og vitnisburði G. Hvaða þýðingu hefur það þá að vera að áminna fólk um sannsögli fyrir þessum dómstólum? Framburður H var stöðugur og hvergi hefur hún verið staðin að ósannindum. Samt dæmdu dómarnir G í vil og refsuðu H. Hver er boðskapur dómara með þessu? Átti H að gefa eftir fyrir yfirgangi systurinnar? Þegja yfir embættisglöpum sýslumanns? Hver átti að verja rétt K fyrir G, ef ekki H? Það rétt K til þess að vilji hennar sem var öll þau ár sem hún var andlega heilbrigð, og gat staðið á sínu, væri virtur.

### **Lög til verndar rétti heilabílaðra**

Höfum í huga að að afturköllun erfðaskráa getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinga og fjölskyldur, ekki síður en gerð erfðaskráa. Við teljum flest mikilvægt að slíkir löggerningar séu gerðir með vönduðum hætti og við tryggja aðstæður þannig að ekki vekji grunsemdir um misneytingu. Því miður skapar dómur Hæstaréttar óvissu í þessu og opnar jafnvel tækifæri til misneytingar.

Með hækkuðum lífaldri fólks vex tíðni heilabilunar og því samfara hefur aukist tíðni misneytingar á öldruðu fólki. Margskonar vitrænir veikleikar heilabílaðra, s.s. trúgirni og undanlátsemi, útsetja þá fyrir sviksemi.<sup>vi</sup> Ýmis Alzheimer samtök vara við því að heilabílaðir séu féflettir með að vera blektir til að undirrita löggerninga.<sup>vii</sup> Víða er verið að skerpa á lögum og reglugerðum vegna þessa.<sup>viii</sup>

Erfiðustu málin eru þegar grunur um misneytingu vaknar innan fjölskyldna og þau mál krefjast alveg sérstakrar vandvirkni í vinnubrögðum.<sup>ix</sup> Hæstaréttarmál nr. 603/2013 bendir til alvarlegs skorts á þekkingu og færni við að taka á slíkum

málum hérlendis. Í ljósi reynslu minnar af því máli tel ég brýnt að endurskoðuð verði lög og verklag hérlendis í því skyni að geta fyrirbyggt og stöðvað misneytingu á heilabiluðum. Mikilvægt er einnig að athuga vinnuferli í svona málum bæði innan stjórnkerfisins og dómskerfisins.

Reykjavík, 3. mars 2015

---

<sup>i</sup> Björn Einarsson (2007). Heilabilun. Klínískar leiðbeiningar á vef Landlæknis.

<sup>ii</sup> <http://Aricept.com>

<sup>iii</sup> Björn Einarsson (2007). Heilabilun. Klínískar leiðbeiningar á vef Landlæknis.

<http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2522/3168.pdf>.

<sup>iv</sup> Sjá t.d. viðtal við Anton Pjetur Þorsteinsson sérfræðing í Alzheimersjúkdómum og rannsóknarprófessor við Rochester háskóla í New York í Morgunblaðinu, 2. febrúar 2014.

<sup>v</sup> <http://Aricept.com>.

<sup>vi</sup> Pinsker, D.M., McFarland, K., og Pachana, N. A. (2010). Exploitation of Older Adults: Social Vulnerability and Personal Competence Factors. *Journal of Applied Gerontology*, 29 (6), bls. 740-761. <http://jag.sagepub.com/content/29/6/740.abstract>.

<sup>vii</sup> Sjá t.d. frá Texas, [http://www.alz.org/about\\_us\\_about\\_us.asp](http://www.alz.org/about_us_about_us.asp).

<sup>viii</sup> Sjá t.d. frá Skotlandi, [http://www.alzscot.org/assets/0000/9155/Annual\\_Accounts\\_2012-13.pdf](http://www.alzscot.org/assets/0000/9155/Annual_Accounts_2012-13.pdf).

<sup>ix</sup> Shulman, K.I., Cohen, C.A., Kirsh, F.C., Hull, I.M., og Champine, P.R. (2007). Assessment of Testamentary Capacity and Vulnerability to Undue Influence. *Treatment in Psychiatry*, 163, 722-727. <http://ajp.psychiatryonline.org/data/journals/ajp/3812/07aj0722.pdf>.